



Menntaskólinn á Egilsstöðum

**Skýrsla starfshóps um innra mat
við Menntaskólann á Egilsstöðum
2023-2024**

júní 2024

Efnisyfirlit

Almennt um starfið	3
Áfangamat	3
Dagskólanemar	3
Starfsmannakannanir	4
Starfsmannapúlsinn.....	4
Stofnun ársins.....	6
Nemendakönnun – Skólapúlsinn.....	7
Jarmið	11
September 2023 jarm sent starfsfólki um samskipti.....	11
Janúar 2024 jarm sent starfsfólki um starfsmannasamtöl	12
Maí 2024 jarm sent nemendum um heimavist, mötuneyti, net og þrif.....	12
Lykilmatsþættir.....	13
Kennsla og nám nemenda	13
Formlegar skyldur í dægigerðri viku og álag	13
Samskipti og umsagnir.....	14
Leiðsagnarmat	15
Skólabragur og gildi í ME	15
Líðan – Þættir úr Skólapúlsi nemenda – gildið gleði	15
Viðhorf og hollusta gagnvart skólanum	16
Jafnrétti meðal starfsmanna og nemenda – gildið jafnrétti.....	17
Umhverfismál – gildið virðing.....	17
Vinnustaðurinn ME.....	18
Starfsandi.....	18
Tíðni eineltis í starfamannahópi ME.....	18
Vinnuálag.....	19
Endurmenntun	19
Markaðssetning og kynning.....	20
Aðrar tölfræðiupplýsingar	20
Tengsl skólasóknar og meðaleinkunnar	21
Hlutfall nemenda sem standast áfanga.....	21
Lokaorð.....	22

Almennt um starfið

Skólaárið 2023-2024 var að störfum sex manna nefnd um innra mat Menntaskólans á Egilsstöðum (ME). Hana skipuðu Elín Rán Björnsdóttir, Soffía Ingvarsdóttir, Viðar Örn Hafsteinsson, Marianna Jóhannsdóttir, Bergþóra Arnórsdóttir og Sigríður Klara Sigfúsdóttir. Dagur Skírniir Óðinsson vann með nefndinni á fyrri haust spönn meðan hann var í afleysingum.

Viðar Örn sá um verkefnastjórn nefndarinnar þetta skólaárið. Á skólaárinu voru haldnir 28 fundir og bakvið þá liggja samanlagt 158 vinnustundir. Auk þess vinna mannauðsstjóri og verkefnastjóri IM við úrvinnslu kannana til kynningar fyrir starfsmenn og nemendur.

Vinna innra mats (IM) hófst strax á haustdögum líkt og síðustu ár. Fyrsti fundur var haldinn 23. ágúst '23 og sá síðasti 8. maí '24. Fundir fóru fram klukkan 9 á miðvikudagsmorgnum þetta skólaárið.

IM nefndin vann að lykilmatsþáttum fyrir skólann, Elín Rán leiddi þá vinnu og verða lykilmatsþættir kynntir fyrir starfsfólki á starfsdögum í byrjun næsta skólaárs.

Skólinn tók líkt og venjulega þátt í könnuninni um stofnun ársins sem og starfsmannapúlsi sem sendur var út til starfsfólks. Niðurstöður úr þessum könnunum voru nokkuð góðar og hafa verið kynntar fyrir starfsfólki. Skólinn fékk viðurkenningu sem fyrirmyndarstofnun 2024 og kom vel út úr könnunum þó svo að skólinn hafi fallið niður um tvö sæti í Stofnun ársins.

Á skólaárinu var líka lagt fyrir áfangamat, fjarnemakönnun, Skólapúlsinn og Starfsmannapúlsinn sem við tókum þátt í árlega ásamt öðrum minni könnunum (Jarm) bæði til nemenda og starfsmanna. Starf IM nefndar gekk vel líkt og áður og var á mjög svipuðum nótum og síðustu ár að frátöldu verkefni um lykilmatsþætti.

Áfangamat


Áfangamat er framkvæmt þriðju hverja spönn. Tilgangur áfangamats er að fá upplýsingar um upplifun nemenda af áföngum sem kenndir eru og að kennarar fái upplýsingar um hvernig nemendur meta stöðu sína í áföngum og gangvart kennslunni. Heildarniðurstöður eru birtar á heimasíðu skólans og kennarar fá niðurstöður úr áföngum sem þeir kenna.

Á þessu skólaári var áfangamat eingöngu lagt fyrir dagskólanema og fór fram á seinni haustspönn. Ástæða þess að ekki var lagt fyrir áfangamat í fjarnámi er að fjarnemakönnun var lögð fyrir vorið 2023. Samkvæmt áætlun verður áfangamat næst lagt fyrir á fyrri vorspönn 2024. Hér verður stiklað á stóru um niðurstöður áfangamats dagskólanema. Heildarniðurstaða úr áfangamatinu er mjög góð.

Dagskólanemar

Sendar voru út kannanir til dagskólanema í 551 áfanga á fyrri haustspönn og svöruðu 304 matinu, eða 55% nemenda sem er talsvert minni þátttaka en árin á undan þar sem þátttakan var um eða rétt yfir 67%.

Niðurstaða úr áfangamatinu var jákvæð og nemendur virðast almennt vera ánægðir með kennslu í áföngunum. Um það bil 90-98% dagskólanemenda voru sammála fullyrðingunum sem settar eru fram í matinu. Fullyrðingin sem er hér á myndinni um virkni í kennslustundum er dæmigerð fyrir svörum dagskólanema.




Nemendur taka mjög virkan þátt í kennslustundum en 97% segjast sammála eða mjög sammála því í könnun sem var framkvæmd á seinni haustspönn 2023.

Starfsmannakannanir

Starfsmannapúlsinn

Starfsmannapúlsinn var lagður fyrir í mars 2024. Rannsóknin var aðkeypt meðal annars til að fá samanburð við aðrar stofnanir. Það svöruðu 46 af þeim 50 sem fengu könnunina senda, eða 92%.


Heildar niðurstöður eru frábærar fyrir ME en nokkrir þættir fóru niður á við á milli ára, sem er í samræmi við aðrar kannanir sem gerðar hafa verið.



Myndin sýnir hvernig niðurstöður starfsmannahópsins breytast í samanburði við aðra vinnustaði frá frá ári til árs.

Vinnuálag er þáttur sem unnið hefur verið með síðustu ár og stendur stofnunin í stað á milli ára eftir lítillga lækkun síðustu ár. Niðurstöður eru góðar og er ME marktækt fyrir neðan landsmeðaltal þriðja árið í röð.


2.2. Skuldbinding til vinnustaðarins – Ársmeðaltöl



Myndin sýnir hvernig niðurstöður starfsmannahópsins breytast í samanburði við aðra vinnustaði frá frá ári til árs.

Það er akaflega jákvætt að sjá hve skuldbinding við vinnustaðinn er há. Helgun starfsmanna í starfi er afar eftirsóknarvert að hafa. Árið 2022 mældist ME 5,8 í skuldbindingu til vinnustaðarins en hækkaði svo upp í 6.2 í fyrra. 2024 lækkum við aftur niður í 5,9. Miðað við þann niðurskurð sem hefur verið í gangi síðastliðið ár er ánægjulegt að sjá að þetta hefur ekki dalað meira. ME er marktækt fyrir ofan landsmeðaltal þegar kemur að skuldbindingu til vinnustaðarins.

3.1. Starfsandi – Ársmeðaltöl



Myndin sýnir hvernig niðurstöður starfsmannahópsins breytast í samanburði við aðra vinnustaði frá frá ári til árs.


Þróunin hefur verið afar jákvæð síðustu ár en dalar núna um 2 punkta. Starfsandi er engu að síður góður á vinnustaðnum þó áskoranir séu alltaf til staðar sem þarf að sinna. ME er marktækt fyrir ofan landsmeðaltal hvað starfsanda varðar, 5 árið í röð.

Sá þáttur sem kom verst út þetta árið var um styttingu vinnuviku. Þó ber að hafa í huga að stytting vinnuvikunnar á ekki við um kennara svo eðlilegt er að margir merki við að það eigi ekki við um þá. Mannauðsstjóri fer í átak í haust til að auka meðvitund manna á því hvernig styttingin virkar og hvernig hver og einn getur nýtt hana.

Einelti hefur mælst í stofnuninni um langt skeið en ekki hafa komið fram kvartanir um einelti. Ýmislegt hefur verið gert til að reyna að vinna að forvörnum. Árlega er framkvæmt félagslegt

áhættumat, eineltisferlar skoðaðir, þeir kynntir og unnið með samskipti, bæði á námskeiðum og minnt er á mikilvægi góðra samskipta með reglulegum hætti. Einn starfsmaður virðist upplifa einelti innan stofnunarinnar á síðustu 6 mánuðum. Unnið verður áfram með málaflokkinn.

3.8. Einelti (þú) – Ársmeðaltöl




Myndin sýnir hvernig niðurstöður starfsmannahópsins breytast í samanburði við aðra vinnustaði frá frá ári til árs.

Stofnun ársins

Könnunin Stofnun ársins sem lögð er fyrir á vegum Sameykis árlega var lögð fyrir í október til desember 2023. 32 tóku þátt í ME en þeir starfsmenn sem hófu störf að hausti fengu könnunina ekki senda. Listi var tekinn úr Orra og þurftu starfsmenn að vera í ákveðnu starfshlutfalli og hafa verið að störfum bæði vorið 2023 og haustið 2024. Í ME var svörun yfir 80%. ME var í þriðja sæti í flokki meðalstórra stofnana með 40-89 starfsmenn. Heildareinkunn ME var 4,46 af 5 mögulegum, lækkaði um 11 stig á milli ára. Ef heildarlisti allra stofnana er skoðaður er ME í 16. sæti og er jafnframt í 6. sæti yfir framhaldsskóla landsins. Niðurstöður úr Stofnun ársins eru í takt við niðurstöður Starfsmannapúlsins, almennt góðar niðurstöður. Þeir þættir sem lækka mest milli ára í Stofnun ársins eru stjórnun og jafnrétti en skýringar er meðal annars að finna í því að stofnunin hefur þurft að skera niður í starfsemi sinni. Unnið verður að umbótum til að færast aftur meðal efstu stofnana.

Hér fyrir neðan má sjá helstu niðurstöður og samanburð við aðra stofnanaflokka.

Helstu niðurstöður - Samanburður stofnunar við allar stofnanir og stofnanir í sama flokki



Nemendakönnun – Skólapúlsinn


Við framkvæmd nemendakönnunar vetrarins var ákveðið að fara sömu leið og árin á undan, þ.e. að taka þátt í Skólapúlsinum. Könnunin var lögð fyrir nemendur ME í október og náði aðeins inn í nóvember, svörun var góð og þurfti ekki mikið að ganga eftir nemendum með að svara.

Markmið Skólapúlsins er að mæla þætti sem lúta að námsumhverfi, virkni í námi, líðan og auk þess gefst nemendum tækifæri til að svara opnum spurningum. Einn meginkostur þess að taka þátt í Skólapúlsinum er að skólanum gefst tækifæri til að bera sig saman við aðra framhaldsskóla á landinu. Það var aðal ástæða þess að ákveðið var að taka þátt fimmta árið í röð.

Hugmynd okkar sem mannauðsstjóri fór með á vörfund Skólapúlsins 2023 um að mæla jafnrétti var framkvæmd í fyrsta skipti á þessu skólaári. Inn komu þrjár spurningar sem mæla jafnrétti og verður fróðlegt að sjá samanburð á þessum þætti á næstu árum.


Viðar sat vörfund Skólapúlsins í maí '24 og var það góður fundur þar sem könnun næsta vetrar var rædd. Gert er ráð fyrir að Skólapúlsinn fyrir framhaldsskóla verði aðgengilegur á fleiri tungumálum næsta haust.

1.1. Viðhorf og hollusta gagnvart skólanum – Ársmeðaltöl




Viðhorf og hollusta kemur vel út þó svo að enn dragi saman í þegar við berum okkur saman við viðmiðið. Munurinn er komin niður í 5,7% og hefur lækkað nokkuð síðustu tvö ár. Þó svo að við stöndum ennþá vel, þá eru þannig teikn á lofti að við þurfum að fylgjast með þessum þætti. Mikilvægt er fyrir skólann að nemendur beri út jákvæð orð um skólann.

1.5. Tíðni leiðsagnarmats (endurgjöf til nemenda) – Ársmeðaltöl




Eftir að hafa hækkað nokkuð frá 2020 til 2022 þá förum við niður um 0,5 á milli ára sem er svolítill munur og dregur saman milli ME og annarra skóla. Við myndum vilja vera ofar og nálgast aftur niðurstöður frá 2022. Unnið hefur verið með leiðsagnarnám hjá okkur síðustu ár og því ættum við að skora hátt í þessum þætti.

2.4. Fjarvera: Skróp í tíma – Ársmeðaltöl




Skróp í tíma eykst mikið á milli ára og erum við aftur komin upp fyrir meðaltalið. Við erum komin töluvert upp fyrir það þegar við vorum hvað hæst 2019.

2.7. Formlegar skyldur í dæmigerðri viku – Ársmeðaltöl




Formlegar skyldur hækka aðeins milli ára en við stöndum ennþá vel í samanburði við aðra skóla. Það hækkuðu allir nema einn undirþáttur lítillga þ.e. skólinn, heimanám og tómstundir en launuð vinna var sá þáttur sem lækkaði meðal nemenda ME.

3.1. Vellíðan – Ársmeðaltöl



Vellíðan eykst og er marktækur munur á okkur og meðaltali annarra skóla. Við erum komin upp í 5,0 sem er það hæsta sem við höfum verið í síðustu fimm ár.


3.2. Hamingja – Ársmeðaltöl



Hamingja nemenda ME eykst um 2% á milli ára og mælist marktækt hærri en á landsvísu eða 13,7% hærri.

Þættirnir vellíðan og hamingja koma vel út og er það mikilvægt að við séum með nemendum sem líður vel í því sem þau eru að gera.


3.6. Kvíði – Ársmeðaltöl



Kvíði er aftur að mælast frekar hár og hefur nánast ekkert minnkað eftir að hafa aukist mikið á milli 2021 og 2022. Viðmiðunarskólar hækka töluvert en við viljum sjá okkur lækka aftur eftir hækkun í fyrra.

Vellíðan og hamingja komu vel út. Þunglyndi minnkaði töluvert á milli ára miðað við þessa könnun og því er aðeins skrítið hversu hár kvíði mælist. En þetta er hlutur sem vert er að fylgjast með.

3.10. Áreitni og ofbeldi – Ársmeðaltöl



Áreitni og ofbeldi heldur áfram að aukast og hefur þessi þáttur ekki mælst svona hár síðustu fimm ár. Viðmiðunarskólar hækka líka og hlutfallslega meira en við. Niðurstöður úr þessum þætti komu líka illa út 2022 og vita nemendabjónusta og skólameistari af þessu og vonandi sjáum við þennan þátt fara niður á næstu árum.

Í lokin voru opnar spurningar þar sem nemendur fengu tækifæri að að tjá sig um hvað væri gott og hvað væri slæmt við skólann. Það sem helst var nefnt gott við skólann var góður andi, kennararnir og spanakerfið. Það sem kom helst fram með hvað væri slæmt voru nokkur svör um klíkuskap í nemendafélaginu og að það væru ekki allir velkomnir, þetta eru þættir sem starfsmaður sem sinnir félagsstarfi fékk að vita af og hefur unnið í. Þess má geta að það komu einnig jákvæð svör um félagsstarfið.

Jarmið

Jarmið eru mjög stuttar kannanir sem byggja á því sem er í gangi hverju sinni. Skólaárið 2023-2024 voru eftirfarandi málefni lögð fyrir þar sem starfsmenn fengu tvær kannanir en nemendur eina.

September 2023 jarm sent starfsfólki um samskipti

Í upphafi skólaárs svöruðu allir sem tóku afstöðu, þegar þeir voru spurðir hvernig þeir upplifðu samskipti í ME því jákvætt eða mjög jákvætt.

Þegar spurt var um samskipti á ákveðnum svæðum var niðurstaðan þessi:

	MJÖG JÁKVÆÐ	JÁKVÆÐ	NEIKVÆÐ	MJÖG NEIKVÆÐ	Á EKKI VIÐ	TOTAL	WEIGHTED AVERAGE
Kennslustofum	28.21% 11	53.85% 21	0.00% 0	0.00% 0	17.95% 7	39	2.26
Kaffistofu	63.16% 24	26.32% 10	2.63% 1	0.00% 0	7.89% 3	38	1.63
Mötuneyti	52.63% 20	34.21% 13	0.00% 0	0.00% 0	13.16% 5	38	1.87
Vinnurými kennara	42.11% 16	42.11% 16	0.00% 0	0.00% 0	15.79% 6	38	2.05
Vinnurými annars starfsfólks	39.47% 15	28.95% 11	0.00% 0	0.00% 0	31.58% 12	38	2.55
Á viðburðum á vegum skólans	47.37% 18	42.11% 16	0.00% 0	0.00% 0	10.53% 4	38	1.84

Þegar spurt var um samskipti á samfélagsmiðlum við nemendur, samstarfsfólk og aðstandendur nemenda var það í öllum tilvikum jákvætt.

Janúar 2024 jarm sent starfsfólki um starfsmannasamtöl

Í janúar 2024 var gerð könnun meðan starfsfólks um samskipti á vinnustaðnum. Könnunin var send á 55 netföng en 31 svar barst eða 56% svörun.

Meðal þess sem spurt var um var hversu oft starfsmenn vildu að starfsmannasamtöl væru tekin. Yfirgnæfandi meirihluti telur rétt að taka þau einu sinni á ári. Almenn ánægja kom fram með starfsmannasamtölin.

Spurt var í opinni spurningu um hvaða þættir hefðu jákvæð áhrif á starfsánægju og þar nefndu flestir nemendur, samstarfsfólk og starfsandann en hins vegar þegar spurt var um þætti sem hafa neikvæð áhrif á starfsandann nefndu flestir starfsmannamóral, neikvætt samstarfsfólk og álag.

Langflestir eða 93% leita til stjórnenda ef upp koma áskoranir í starfi. Hvað varðar endurgjöf frá stjórnendum þá segjast 53% starfsmanna sig sjaldan eða mjög sjaldan fá hana.

Maí 2024 jarm sent nemendum um heimavist, mötuneyti, net og þrif

Í maí 2024 voru nemendur spurðir um þættina búsetu, mötuneyti, þrif í húsnæði skólans og netsamband í húsnæði skólans. 79 nemendur svöruðu könnuninni af þeim 148 sem fengu hana senda eða einungis 48,5%.

Ríflega helmingur svarenda býr í foreldrahúsum eða 59% og 41% á heimavistinni.

Almenn ánægja var með alla þættina og nokkrar ábendingar komu í opnum svörum. Mötuneytið kom almennt nokkuð vel út, bæði hvað varðar samskipti við starfsfólk þess og einstakar máltíðir. Ánægja með hádegismatinn var meðal 76% þeirra sem tóku afstöðu en minnst ánægja var með kvöldmatinn eða meðal 64% þeirra sem afstöðu tóku. Mikil ánægja er með uppsetningu og skipulag í mötuneytinu en 99% svarenda voru ánægðir með það og 97% með samskipti við starfsfólkið þar.

Þrif í húsnæði skólans komu vel út úr þessari könnun og ánægjan almenn með þau.

	MJÖG ÁNÆGÐ/UR	FREKAR ÁNÆGÐ/UR	FREKAR ÓÁNÆGÐ/UR	MJÖG ÓÁNÆGÐ/UR	Á EKKI VIÐ UM MIG	TOTAL
Netsamband á heimavist	8.97% 7	37.18% 29	19.23% 15	10.26% 8	24.36% 19	78
Netsamband í hátíðarsal	36.71% 29	46.84% 37	7.59% 6	0.00% 0	8.86% 7	79
Netsamband í kennslustofum í heimavistarhúsi	32.91% 26	43.04% 34	12.66% 10	2.53% 2	8.86% 7	79
Netsamband á efrihæð kennsluhúss	45.57% 36	43.04% 34	6.33% 5	1.27% 1	3.80% 3	79
Netsamband á neðrihæð kennsluhúss	27.85% 22	49.37% 39	13.92% 11	5.06% 4	3.80% 3	79
Samskipti við kerfisstjóra	54.05% 40	32.43% 24	1.35% 1	1.35% 1	10.81% 8	74

Þegar spurt var um ánægju með netsamband og samskipti við kerfisstjóra kom það vel út á öllum sviðum en síst var ánægja með netsamband á heimavistinni þar sem 39% þeirra sem tóku afstöðu voru mjög eða frekar óánægðir.

Lykilmatsþættir


Árið 2022 hófst vinna við gerð lykilmatsþátta sem hugmyndin er að aðstoði Innra matið við að halda utan um lykil tölur, þær nýttar til að setja markmið um framhaldið og gera stefnumiðin betri varðandi ýmsa þætti sem mældir eru. Mikil rannsóknarvinna fór fram, gögn sótt víðsvegar að með hugmyndafræði „KPI's“ (Key Performance Indicators) að leiðarljósi. Hluti Innra matsins, Bergþóra, Elín Rán og Viðar unnu þætti áfram með aðkomu formanna nefnda og forsvarsaðila að ýmsum málaflokkum. Úr varð að nokkuð margir þættir voru að lokum valdir, með þrjá yfirkafla, mikið til þættir sem þegar eru teknir saman en í þessari vinnu myndast tækifæri til að taka þá saman á einn stað. Veturinn 2023-2024 hefur svo enn frekar verið rýnt í lykilmatsþætti og þeim fækkað frá árinu á undan. Eftir standa 12 lykilmatsþættir í þremur köflum. Sett hafa verið markmið fyrir flest þessara markmiða og mat lagt á hvort þeim hafi verið náð eða ekki. Í haust fer svo fram vinna við ákveða aðgerðir til að ná þeim markmiðum sem sett hafa verið. Framsetning er myndræn, en draumurinn er svo að setja upp mælaborð fyrir þessa þætti í powerBi. Þeir þrjú kaflar sem mynda lykilmatsþættina eru „Kennsla og nám nemenda“, „Skólabragur og gildi ME“ og „Vinnustaðurinn ME“

Kennsla og nám nemenda


Í þessum flokki eru þættirnir formlegar skyldur í dæmigerðri viku sem metnar er í Skólapúlslinum og álag sem metið er í áfangamati. Samskipti og umsagnir úr áfangamati ásamt því hversu fljótt kennari skilar umsögn til nemenda. Þá meta nemendur tíðni leiðsagnarmats í Skólapúlslinum.

Formlegar skyldur í dæmigerðri viku og álag

Formlegar skyldur í dæmigerðri viku eru metnar með því að leggja saman svör nemenda við fjórum spurningum um tíma sem þeir verja til ólíkra verka. Spurt er hve margir klukkutímar í viku eru í stundatöflu, hve mörgum tímum er vikulega varið í heimanámi, hve marga tíma er unnið í launaðri vinnu í viku og hve mörgum tímum er varið vikulega í reglulegar tómstundir og æfingar. Birt er heildartala fyrir vikulegan fjölda klukkutíma sem varið er í alla liðina samtals. Þá eru einnig sýndar niðurstöður frá því hver margir klukkutímar eru í stundaskrá nemenda að meðaltali sem flokkast þarna undir „skólinn“. ME sker sig úr varðandi fjölda klukkustunda í stundatöflu og er þar hæst skóla, en erum fyrir miðju í landsmeðaltali þegar heildin er skoðuð. Ekki er búið að vinna markmið fyrir skóla partinn en markmiðið er að vera milli 40 og 45 klst í heildina og náum við því markmiði í ár.




Álag er metið í áfangamati en þá svara nemendur því hversu margar klukkustundir þeir nota til að sinna námi í áfanganum fyrir utan bundnar kennslustundir. Markmiðið er að nemendur noti 2-4 klukkustundir í hvern áfanga í samræmi við fjölda verkefnatíma. Við metum það svo að eðlilegt telst að um 60% nemenda séu með 2 klst eða meira í hverjum áfanga.




Samskipti og umsagnir

Úr áfangamati sem er framkvæmt þriðju hverju spönn meta nemendur hvort kennarinn bregðist vel við athugasemdum og spurningum, hvort samskipti nemandans við kennarann séu góð og hvort kennarinn skili umsögnum fljótt til nemenda. Markmið okkar er að vera yfir 95% ánægju fyrir alla liði. Því markmiði er náð í maí 2024



Leiðsagnarmat


Tíðni leiðsagnarmats er metið í Skólapúlsinum. Matsþátturinn er myndaður úr fjórum spurningum . Markmið ME er að vera heilum yfir landsmeðaltali á hverju ári, enda gefum við okkur út fyrir að vera skóli sem leggur áherslu á leiðsagnarmat. Þetta markmið náðist ekki í maí 2024.



Skólabragur og gildi í ME


Líðan – Þættir úr Skólapúlsi nemenda – gildið gleði

Þeir þættir sem voru teknir úr Skólapúlsi er snúa að líðan nemenda eru vellíðan, hamingja, kvíði, einelti og svefnleysi. Þremur af 5 markmiðum hefur verið náð í maí 2024 í þessum flokki.




Viðhorf og hollusta gagnvart skólanum


Þrír þættir voru valdir undir þessum flokki. Úr Skólapúlsinum eru fimm spurningar sem mynda matsþáttinn viðhorf og hollusta gagnvart skólanum en þar eru nemendur spurðir út í upplifun sína af skólanum. Markmiðið er að vera yfir 78% í ánægju þar næstu 3 árin.



Spurt var um traust og viðhorf úr foreldrakönnun. Þar eru svör úr fullyrðingunum „ME er góður skóli“ og „Ég ber traust til skólans“ tekin saman. Þeir sem eru mjög sammála og sammála mynda hlutfall ánægðra foreldra. Markmiðið eru að vera yfir 95% ánægju foreldra og það náðist síðast þegar foreldrakönnun var framkvæmd.



Þriðji og síðasti þátturinn af viðhorfum og hollustu gagnvart skólanum er tekið úr starfsmannapúlsi en þar er saman tekinn þáttur úr þremur spurningum sem mynda matsþáttinn. Kvarðinn þar er frá 1 og upp í 9 og er markmiðið að vera yfir 6 í árlegum starfsmannapúlsi.




Jafnrétti meðal starfsmanna og nemenda – gildið jafnrétti

Mælt var jafnrétti í Skólapúlsinum í fyrsta skiptið fyrir tilstuðlan innra mats ME. Fyrsta mæling gefur til kynna að ME er fyrir miðju meðal skóla sem tóku könnunina. Kvarðinn er frá 1-9. Markmið ME er að vera yfir 5.5 á næstu 3 árum en við erum meðvituð um að við gætum þurft að endurskoða markmiðið þegar meiri reynsla er komin á mælingar.




Jafnrétti hefur verið mælt í stofnun ársins í langan tíma og þar eru 6 spurningar sem mynda matsþáttinn. ME hefur dalað þarna milli ára og það þarf að ákveða aðgerðir til að ná aftur upp markmiði okkar um að vera yfir 4.5 af 5 mögulegum í þessum flokki.



Umhverfismál – gildið virðing

Mælikvarði fyrir umhverfismálin var ákveðinn í samráði við formann umhverfisnefndar, en þar eru mun fleiri þættir sem eru mældir sem eru hluti af grænum skrefum. Við ákváðum að hafa einungis einn af þeim þáttum inni í lykilmatsþáttum. Markmiðið er að minnka óflokkaðan úrgang og því sýnum við óflokkaðan úrgang, flokkaðan úrgang og endurvinnsluhlutfall stofnunarinnar. Markmiðið er ekki alveg klárt vegna þessa flokks.




Vinnustaðurinn ME

Mjög mikilvægt er að halda uppi jákvæðum og góðum starfsanda í ME svo eftirsóknarvert sé að starfa við skólann. Mikið af mælingum tengdum starfsmannahaldi fara fram en hér á eftir eru nokkrir lykilþættir.


Starfsandi

Almenn starfsánægja er í ME og menning þess eðlis að hjálpssemi og jákvætt andrúmsloft einkennir andann. Starfsandi mælist töluvert hærrí í stofnun ársins en í starfsmannapúlsí, en gott að er að hafa hugfast að ekki er um sömu spurningar að ræða í báðum könnunum. Markmið sem IM hópurinn setti er að starfsandi sé ofan við 70% í mælingum starfsmannapúls og ofan við 90% í Stofnun ársins. Hvorugu markmiði var náð í maí 2024.




Tíðni eineltis í starfamannahópi ME

Einelti hefur því miður mælist í könnunum undanfarin ár en ekki hefur verið tilkynnt um slíkt. Stöðugt er unnið að því að bæta félagslegt vinnuumhverfi og reglulega minnst á eineltisáætlun og viðbragðsáætlun. Unnið hefur verið í hópum til að greina þætti í menningu starfsmannahóps og rætt einslega við alla sem lokið hafa starfsmannasamtali. Unnið verður áfram að forvörnum, meðal annars með námskeiði um samskipti og minna stöðugt á málaflokkinn. Markmið okkar er að ekki mælist einelti í starfamannahópi ME en því hefur ekki verið náð nú í maí 2024.




Vinnuálag

Vinnuálag er töluvert í ME. Teknar eru saman upplýsingar úr starfsmannapúlsi um vinnuálag, en þar eru 3 spurningar sem mynda matsþátt. Svo eru teknar upplýsingar um streitu og vinnuálag í stofnun ársins. Þar sýnum við hlutfall þeirra sem segja vinnuálag og mikið.




Einnig tókum við saman streitueinkenni úr stofnun ársins en þar er gott að talan sé sem hæst. Hærri tala þýðir minni streitueinkenni. Þar jukust streitueinkenni milli ára um 4%, sem er áhyggjuefni. Fjórar spurningar mynda streitueinkenna matsþáttinn.



Endurmenntun


Í öllum stofnanasamningum háskólamenntaðra við ME gilda ákveðin endurmenntunarkerfi þar sem safna þarf 50 stigum til að halda tímabundnu endurmenntunarþrepi á hverju ári. Mjög margir nýta sér þetta kerfi og skiptir það stofnunina miklu máli, svo skólinn megi vera í fremstu röð. Af þeim sem

geta nýtt 50 stiga kerfið eru 86% sem nýta það. IM setti markmið upp á 90% og hefur því ekki verið náð þetta vorið.



Markaðssetning og kynning

Kynning á skólanum skiptir miklu máli í skólastarfinu. Leitast er við að kynna skólann með margvíslegum hætti, opið hús er haldið fyrir nemendur og forráðafólk, farið í skólakynningar og auk þess fer fram fjölbreytt kynning á samfélagsmiðlum skólans. Hér er sýnt hversu stórt hlutfall nemenda af upptökusvæði skólans velur að koma í ME. Samkvæmt því hefur minnkandi hlutfall nemenda á upptökusvæði skóla sótt í ME, hlutfallið var tæplega 60% árin 2021 og 2022 en lækkaði í 47% haustið 2023. Upptökusvæðið miðast við Austurland. Markmið IM er að ná 60% nemenda af upptökusvæði í skólann.




Aðrar tölfræðiupplýsingar

Við þá vinnu að taka saman og ákveða lykilmatsþætti voru nokkrir þættir sem enduðu utan lykilmatsþáttanna en eru engu að síður teknir saman hér. Meðal þess eru tengsl skólasóknar og meðaleinkunnar, hlutfall nemenda sem standast áfanga og námsframvinda fjarnema.

Tengsl skólasóknar og meðaleinkunnar


Þegar skoðaðar eru tölur um skólasókn dagskólanema og meðaleinkunn í áföngum skólans kemur fram nokkur fylgni. Innra mats nefnd hefur talið að það finnist vísbendingar um að samhengi sé á milli mætingar og einkunna.

Það virðist þó ekki eiga við um vorið 2024 þar sem meðaleinkunn er hærrí en áður á meðan mætingar vorannarinnar voru slakar. Erfitt er að spá um hvað stýrir þessu, rætt hefur verið um að útskriftarhópurinn núna hafi verið námslega mjög sterkur og með góða námstækni en margir úr þeim hópi tóku virkan þátt í félagslífinu og það kom niður á mætingu margra í hópi útskriftarnema.




Hlutfall nemenda sem standast áfanga

Á haustönn voru 1522 einstaklingar skráðir í áfanga í dagskólanámi og á vorönn 1319. Af þeim ná um það bil 90% að ljúka áföngum með fullnægjandi hætti. Undanfarin ár hefur verið um 7% fall í áföngum og svo er einnig á vorönn en haustönn sker sig úr með 8,5% fall. Eins og oft áður eru um 3% nemenda sem segja sig úr áföngum á námstímanum.



Nokkur munur er á námsframvindu milli dagskóla nema og fjarnema. Í fjarnám var 461 nemandi skráður á skólaárinu í 1213 áfanga. Af þeim eru 69% að ljúka áföngum með fullnægjandi hætti, 13% falla í áföngum, 11% segja sig úr áföngum og 7% mættu ekki eða skráðu sig úr áfanganum án þess að byrja.



Lokaorð

Starf IM gekk vel þetta skólaárið. Nefndin fundaði að jafnaði einu sinni í viku, markmið nefndarinnar náðust og fór töluverður tími í upphafi skólaárs í vinnu við lykilmatsþætti. Lykilmatsþættir skólans verða svo kynntir starfsfólki í byrjun skólaárs 2024-2025.

Allar kannanir sýna að í ME er almenn ánægja með starf skólans af hálfu nemenda. Eins sýna niðurstöður að starfsandi er góður þó svo að útkoma úr könnunum starfsfólks hafi dvínað lítillega milli ára.

Eins og áður þá þakkar verkefnahópur innra mats nemendum, kennurum og stjórnendum samstarfið á skólaárinu. Með skilningi stjórnenda á mikilvægi þess að fylgja því eftir sem fram kemur í rannsóknum og þátttöku starfsmanna í könnunum teljum við að enn megi bæta gott starf sem unnið er í Menntaskólanum á Egilsstöðum.

Skýrsluhöfundar:

Viðar Örn Hafsteinsson

Elín Rán Björnsdóttir

Bergþóra Arnórsdóttir

Sigríður Klara Sigfúsdóttir

Marianna Jóhannsdóttir